

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Dagnýjar Jónsdóttur um bólgueyðandi lyf.

1. *Hvernig hefur lyfjakostnaður sjúkratrygginga vegna bólgueyðandi lyfja þróast frá upphafi árs 1999?*

Rafrænar upplýsingar Tryggingastofnunar um kostnað sjúkratrygginga vegna bólgueyðandi lyfja ná ekki lengra aftur en til ársins 2002. Hins vegar má ætla að lyfjanotkun og lyfjakostnaður þjóðarinnar samkvæmt gögnum frá „Icelandic Drug Market“ umreiknað til hámarksverðs í smásölu gefi nokkuð góða mynd af þróun í lyfjakostnaði sjúkratrygginga. Eftirfarandi töflur sýna notkun og kostnað bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja hér á landi. Í töflu 1 má sjá notkun umræddra lyfja í skilgreindum dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa hér á landi 1994–2003. Tafla 2 sýnir heildarverðmæti lyfjanna á hámarksverði í smásölu og í töflu 3 er kostnaður sjúkratrygginga af þessum lyfjum fyrir árin 2002 og 2003. Úr töflum 1 og 2 má lesa að frá 1999 fjölgar dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa um 46% en kostnaðurinn hefur hins vegar margfaldast um ríflega 2,3. Frá 2002 til 2003 fjölgar skömmtunum um 14%, heildarkostnaðurinn eykst um 16% og kostnaður sjúkratrygginga eykst um 11%.

Tafla 1. Notkun bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja, skilgreindir dagskammtar á hverja 1.000 íbúa.

Lyfjaflokkur M01A, Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Breyting 2002 milli 2003
M01AB Edikssýruafbrigði og skyld efni	8,8	9,6	11,9	13,8	16,7	20,0	19,3	18,3	18,6	18,3	-2%
M01AC Oxíkamafrígði	2,4	2,4	2,0	1,7	1,7	1,4	1,4	1,1	0,8	0,7	-17%
M01AE Própíónsýruafleiður	22,3	24,4	24,9	23,7	23,9	24,8	25,5	27,7	32,3	37,4	16%
M01AH Coxíb	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,0	7,3	9,0	12,8	43%
M01AX Önnur bólgueyðandi lyf og gigtarlyf	0,0	0,3	1,0	1,3	1,5	1,6	1,2	0,7	0,5	0,4	-8%
Samtals	33,5	36,7	39,8	40,5	43,8	47,8	51,3	55,0	61,2	69,6	14%

Tafla 2. Heildarverðmæti í millj. kr. á hámarksverði í smásölu.

Lyfjaflokkur M01A, Bólguøyðandi lyf og gigtarlyf.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Breyting milli 2002 og 2003
M01AB Edikssýru- afbrigði og skyld efni	75,2	77,0	93,2	107,5	129,5	154,2	149,7	163,5	157,7	163,2	4%
M01AC Oxikamafrbrigði	21,1	18,4	14,2	11,8	11,9	10,3	10,1	8,5	6,1	5,4	-11%
M01AE Própíónsýru- afleiður	96,7	97,8	98,6	94,9	97,1	106,7	127,8	154,7	196,8	229,6	17%
M01AH Coxib	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	101,8	198,1	204,8	256,6	25%
M01AX Önnur bólgu- øyðandi lyf og gigtarlyf	0,0	2,9	10,4	12,1	13,8	14,3	9,0	5,6	3,9	3,7	-3%
Samtals	192,9	196,1	216,5	226,2	252,3	285,6	398,4	530,4	569,3	658,6	16%

Tafla 3. Lyfjakostnaður sjúkratrygginga.

Lyfjaflokkur M01A, Bólguøyðandi lyf og gigtarlyf.

	2002	2003	Breyting milli ára, kr.	Breyting milli ára, %
M01AB Edikssýruafleiður og skyld efni	30.781.370	28.298.096	-2.483.274	-8%
M01AC Oxikamafrbrigði	3.009.581	2.735.773	-273.808	-9%
M01AE Própíónsýruafleiður	13.095.766	12.390.039	-705.727	-5%
M01AH Coxib	148.263.909	173.185.936	24.922.026	17%
M01AX Önnur bólguøyðandi lyf og gigtarlyf	3.203.045	2.605.998	-597.048	-19%
Samtals	198.353.671	219.215.841	20.862.169	11%

*2. Hvaða tegundum bólguøyðandi lyfja hefur mest verið ávísað hérlendis á þessu tímabili?**Svarið óskast sundurliðað eftir hlutdeild einstakra lyfjaheita frá ári til árs.*

Í töflum 1, 2 og 3 hér að framan er lyfjunum skipt niður eftir lyfjaflokkum. Þar kemur fram að coxib-lyf komu á markaðinn hér á landi árið 2000, neysla þeirra hefur farið ört vaxandi á þessu fjögurra ára tímabili þannig að 2003 er neyslan komin í 13 dagskammta á hverja 1.000 Íslendinga og kostaði þjóðarþúið 257 millj. kr. Þar af greiddi Tryggingastofnun 173 millj. kr., eða ríflega 67% af heildarkostnaði þjóðarþúsins af lyfjunum. Í magni vega coxib-lyfin einungis um 18% í heildarnotkun landsmanna á bólguøyðandi lyfjum, hlutur þeirra í heildarkostnaði er hins vegar um 39%. Kostnaður Tryggingastofnunar liggur að langstærstum hluta í coxib-lyfjum, sbr. töflu 3, eða sem nemur 79% af heildarkostnaði stofnunarinnar við lyfjaflokkinn, þar næst koma edikssýruafleiður og skyld efni, þ.e. lyf eins og Voltaren, sem valda um 13% af heildarkostnaðinum. Þá er að nefna própíónsýruafleiður sem valda um 6% af heildarkostnaði TR, en í þeim flokki eru einkum lyf sem seld eru í lausasölu eins og Ibufen og Naproxen og því eðlilegt að kostnaður TR vegna þeirra sé ekki mikill. Um 54% af heildarnotkun landsmanna á bólguøyðandi lyfjum, mælt í skilgreindum dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa, liggur í própíónsýruafleiðum, en sú neysla vegur hins vegar aðeins um 25% í heildarkostnaði þjóðarþúsins við lyfjaflokkinn, sbr. töflur 1 og 2.

Nánari sundurliðun á töflum 1 og 2 kemur fram í töflum 1.b og 2.b hér á eftir.

Tafla 1.b. Notkun bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja, skilgreindir dagskammtar á hverja 1.000 íbúa. Nánari sundurliðun.

Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
M01AB01 Indómetacín	3,0	2,9	2,4	1,9	1,7	1,5	1,4	1,2	1,1	1,0
M01AB02 Súlindak	0,2	0,2	0,2	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
M01AB05 Diklófenak	4,3	4,8	7,2	9,5	12,8	16,0	15,9	15,4	16,1	16,0
M01AB15 Ketórolak	0,1	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
M01AB55 Diklófenak í blöndum	1,1	1,6	1,9	2,1	2,0	2,2	1,8	1,5	1,3	1,0
<i>Samtals edikssýruafbrigði og skyld efni</i>	<i>8,8</i>	<i>9,6</i>	<i>11,9</i>	<i>13,8</i>	<i>16,7</i>	<i>20,0</i>	<i>19,3</i>	<i>18,3</i>	<i>18,6</i>	<i>18,3</i>
M01AC01 Píroxíkam	0,5	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	0,2	0,3	0,2	0,2
M01AC02 Tenoxíkam	1,9	2,0	1,6	1,4	1,4	1,1	1,0	0,7	0,5	0,4
M01AC05 Lornoxíkam*							0,2	0,1	0,0	
<i>Samtals oxíkamaafbrigði</i>	<i>2,4</i>	<i>2,4</i>	<i>2,0</i>	<i>1,7</i>	<i>1,7</i>	<i>1,4</i>	<i>1,4</i>	<i>1,1</i>	<i>0,8</i>	<i>0,7</i>
M01AE01 Íbúprófen	7,2	8,6	9,7	11,1	12,8	13,5	14,3	15,9	21,8	27,5
M01AE02 Naproxen	14,3	14,9	14,2	12,0	10,6	9,8	8,7	8,2	7,2	6,9
M01AE03 Ketóprófen	0,8	0,9	1,0	0,6	0,5	0,5	0,4	0,3	0,3	0,2
M01AE51 Íbúprófen í blöndum						1,0	2,1	3,3	3,0	2,8
<i>Samtals própiónsýruafleiður</i>	<i>22,3</i>	<i>24,4</i>	<i>24,9</i>	<i>23,7</i>	<i>23,9</i>	<i>24,8</i>	<i>25,5</i>	<i>27,7</i>	<i>32,3</i>	<i>37,4</i>
M01AH01 Celecoxib									1,1	5,9
M01AH02 Rófekoxib							4,0	7,3	7,8	6,6
M01AH03 Valdecoxib										0,0
M01AH04 Parecoxib									0,0	0,0
M01AH05 Etorícoxib									0,0	0,2
<i>Samtals coxib</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>4,0</i>	<i>7,3</i>	<i>9,0</i>	<i>12,8</i>
M01AX01 Nabúmeton	0,0	0,3	1,0	1,3	1,5	1,6	1,2	0,7	0,5	0,4
<i>Samtals önnur lyf</i>	<i>0,0</i>	<i>0,3</i>	<i>1,0</i>	<i>1,3</i>	<i>1,5</i>	<i>1,6</i>	<i>1,2</i>	<i>0,7</i>	<i>0,5</i>	<i>0,4</i>
Alls bólgueyðandi lyf og gigtarlyf	33,5	36,7	39,8	40,5	43,8	47,8	51,3	55,0	61,2	69,6

* Búið er að afskrá lyfið.

Tafla 2.b. Heildarverðmæti í millj. kr. á hámarksverði í smásölu. Nánari sundurliðun.

Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
M01AB01 Indómetacín	20,4	17,5	14,6	11,5	10,2	9,2	9,4	10,2	8,2	8,9
M01AB02 Súlindak	3,7	3,5	2,6	2,2	2,5	1,8	1,5	1,4	1,0	2,0
M01AB05 Diklófenak	36,4	33,6	50,9	68,0	92,2	117,5	116,7	128,9	130,4	137,4
M01AB15 Ketórolak	2,2	4,0	3,8	3,5	3,2	2,3	3,1	4,0	3,5	2,9
M01AB55 Diklófenak í blöndum	12,4	18,5	21,3	22,3	21,4	23,4	19,0	19,1	14,5	12,1
<i>Samtals edikssýruafbrigði og skyld efni</i>	<i>75,2</i>	<i>77,0</i>	<i>93,2</i>	<i>107,5</i>	<i>129,5</i>	<i>154,2</i>	<i>149,7</i>	<i>163,5</i>	<i>157,7</i>	<i>163,2</i>
M01AC01 Píroxíkam	5,5	3,0	2,5	1,9	1,9	1,7	1,5	1,9	1,6	1,7
M01AC02 Tenoxíkam	15,6	15,4	11,8	9,9	10,0	8,6	7,2	5,8	4,3	3,7
M01AC05 Lornoxíkam*	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,4	0,8	0,2	0,0
<i>Samtals oxíkamaafbrigði</i>	<i>21,1</i>	<i>18,4</i>	<i>14,2</i>	<i>11,8</i>	<i>11,9</i>	<i>10,3</i>	<i>10,1</i>	<i>8,5</i>	<i>6,1</i>	<i>5,4</i>
M01AE01 Íbúprófen	27,6	33,0	36,8	44,3	54,1	57,8	62,6	72,0	121,5	159,4
M01AE02 Naproxen	62,2	57,9	54,6	46,5	39,9	34,2	30,8	31,0	27,5	26,6
M01AE03 Ketóprófen	6,9	6,9	7,1	4,0	3,1	2,7	2,3	2,1	2,1	1,5
M01AE51 Íbúprófen í blöndum	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	12,1	32,1	49,6	45,7	42,2
<i>Samtals própiónsýruafleiður</i>	<i>96,7</i>	<i>97,8</i>	<i>98,6</i>	<i>94,9</i>	<i>97,1</i>	<i>106,7</i>	<i>127,8</i>	<i>154,7</i>	<i>196,8</i>	<i>229,6</i>
M01AH01 Celecoxib	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	17,1	92,0
M01AH02 Rófekoxib	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	101,8	198,1	186,7	156,1

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
M01AH03 Valdecoxib	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,3
M01AH04 Parecoxib	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,8	4,7
M01AH05 Etoricoxib	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,5
Samtals coxib	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	101,8	198,1	204,6	256,6
M01AX01 Nabúmeton	0,0	2,9	10,4	12,1	13,8	14,3	9,0	5,6	3,9	3,7
Samtals önnur lyf	0,0	2,9	10,4	12,1	13,8	14,3	9,0	5,6	3,9	3,7
Alls bólgueyðandi lyf og gigtarlyf	192,9	196,1	216,5	226,2	252,3	285,6	398,4	530,4	569,0	658,6

* Búið er að afskrá lyfið.

3. Hefur kostnaður sjúkratrygginga vegna bólgueyðandi lyfja þróast öðruvísi hérlandis en annars staðar á Norðurlöndum? Ef svo er, hvernig stendur á því?

Ekki er mögulegt að svara þessari spurningu beint. Gefa má hugmynd um svarið með því að bera saman notkun á bólgueyðandi lyfjum í skilgreindum dagskömmtum í Danmörku og Íslandi, sjá töflu 4.

Tafla 4. Samanburður á notkun á skilgreindum dagskömmtum í Danmörku og Íslandi.

Lyfjaflokkur M01A, Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	Dagskammtar						Mismunur, dagskammtar			Mismunur, %		
	Ísland			Danmörk			2000	2001	2002	2000	2001	2002
M01AB Edikssýru-afbrigði og skyld efni	19,3	18,3	18,6	8,7	8,6	8,9	10,6	9,7	9,8	121,1%	112,6%	110,2%
M01AC Oxikamafbrigði	1,4	1,1	0,8	1,6	1,3	1,0	-0,2	-0,2	-0,3	-12,1%	-15,3%	-24,5%
M01AE Própíónsýruafleiður	25,5	27,7	32,3	18,2	18,6	19,2	7,4	9,1	13,1	40,6%	49,3%	68,6%
M01AH Coxib	7,9	14,6	16,8	2,9	7,7	11,6	5,1	6,9	5,2	176,3%	88,7%	44,9%
Samtals	54,2	61,7	68,5	31,3	36,2	40,7	22,8	25,5	27,9	72,9%	70,6%	68,5%

Þar vekur athygli að notkun hér bólgueyðandi lyfja hér á landi er töluvert meiri en í Danmörku nema á oxikam-afbrigðum, en notkun á þeim er reyndar lítil í báðum löndunum í samanburði við önnur lyf í flokknum. Þá kemur einnig fram að notkun coxib-lyfja er 45% meiri hér á landi en í Danmörku árið 2002, en var reyndar 176% meiri árið 2000. Það endurspeglar kannski hvað Íslendingar eru fljótir að taka við sér þegar ný lyf eru annars vegar.

Í töflu 5 er búið að reikna meðalverð á dagskammt í löndunum árin 2000–2002, en samþærilegar upplýsingar liggja fyrir til þess að það sé mögulegt. Í öllum tilfellum er meðalveðið hærra hér á landi en í Danmörku. Lyfin á Íslandi eru allt frá því að vera 16% dýrari en í Danmörku, sbr. coxib-lyfin árið 2002, í það að vera 131% dýrari eins og própíónsýrurnar eru það árið.

Tafla 5. Samanburður á meðalverði á dagskammt í Danmörku og á Íslandi 2000–2002.

Lyfjaflokkur M01A, Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	Ísland, kr.			Danmörk, kr.			Mismunur, kr.			Mismunur, %		
	2000	2001	2002	2000	2001	2002	2000	2001	2002	2000	2001	2002
M01AB Edikssýru- afbrigði og skyld efni	74,9	85,3	80,4	58,0	63,2	57,4	16,9	22,1	23,0	29,1%	35,0%	40,1%
M01AC Oxíkamafrbrigði	71,4	77,1	73,6	49,3	52,5	49,8	22,2	24,6	23,9	45,0%	46,8%	47,9%
M01AE Própiónsýruafleiður	48,4	53,4	57,9	28,8	28,7	25,0	19,6	24,7	32,8	68,1%	86,0%	131,2%
M01AH Coxib	124,1	129,9	115,7	77,3	106,6	99,9	46,9	23,3	15,8	60,7%	21,9%	15,8%

Ástæða þessa mismunar á kostnaði er einkum rakin til þess að hér á landi eru mestmegnis dýr frumlyf í boði á markaðnum, en lítið sem ekkert framboð af ódýrum samheitalyfjum. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um lyfjakostnað á Íslandi er þetta talin ein meginástæða þess að lyfjakostnaður hér á landi er tölvvert meiri en í Danmörku og Noregi.